

# Nettengd Biblía fyrir börn

## kynnir



## Kirkjan í öngstræti

Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 56 af 60

[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

*Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada*

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska


Icelandic

Fimmtíu dögum eftir að Jesús sonur Guðs reis upp frá dauðum, kom heilagur andi til að búa í fylgjendum hans. Þó að lærisveinarnir ekki skildu hvernig Guð faðirinn, Guð sonurinn (Jesús) og Guð hinn heilagi andi gátu allir verið einn Guð, þá voru þeir fegnir að hafa Guð með sér. Guð hjálpaði lærisveinunum á undursamlegan hátt að segja öðrum frá Jesú.




1

Fólk sem trúði á Jesú skipti því sem það átti með öðrum og þar á meðal þeim sem voru fátækir. En hjónin Ananías og Safíra voru óheiðarleg.




2

Þau seldu land og þóttust gefa alla peningana til lærisveinana. Á laun héldu þau hluta peningana fyrir sig.




3

"Af hverju fyllti Satan hjarta þitt, svo að þú laugst að heilögum anda...?" Pétur spurði Ananíás. "Ekki hefur þú logið að mönnum, heldur Guði."




4

Þegar Ananíás heyrði þetta, féll hann niður og gaf upp öndina. Ungu mennirnir bjuggu um hann, báru hann út og jörðuðu.




5

Stuttu seinna kom Safíra inn án þess að vita að maður hennar hafði dáið. Hún sagði líka ósatt um peningana - jafnskjótt féll hún niður og gaf upp öndina. Miklum ótta sló á alla þá er þetta heyrðu.




6

Heilagur andi Guðs gerði mikil tákni og undur í gegnum postulana. Til dæmis læknuðust sjúkir er skuggi Péturs féll á þá.



7

Þetta var tími mikilla kraftaverka er sannaði nærveru Guðs. Fleira og fleira fólk trúði á Jesú.




8

Þetta varð til þess að æðsti presturinn fylltist reyði. Hann lét setja lærisveinana í fangelsi.




9



En engill drottins opnaði fangelsisdyrnar um nóttina, leiddi þá út og sagði, "Farið í musterið og talið til fólksins öll þessi lífsins orð."


10



Postularnir fóru og sögðu frá Jesú og kenndu boðskap hans. Næsta morgun komu menn æðsta prestsins að fangelsinu tómu.

11

Loksins er æðsti presturinn hafði fundið postulana, ávítaði hann þá og sagði: "Var ykkur ekki stranglega bannað að kenna í þessu nafni? "Okkur ber að hlýða Guði frekar en mönnum," svöruðu Pétur og hinir postularnir.



12

Æðsti presturinn varð svo ofsareiður að hann hugðist drepa postulana. Þess í stað lét hann húðstrýkja þá og láta þá lausa. Þrátt fyrir sársaukann, hlýddu postularnir Guði og héldu áfram að kenna um Jesú.



13


Dag nokkurn var maður að nafni Stefán handtekinn. Stefán elskaði Jesú. Heilagur andi notaði hann til að segja öðrum frá Jesú. Sumir báru út lygasögur um Stefán og sögðu að hann talaði gegn Guði. Að loknum réttarhöldum með ljúgvitnum, var Stefán grýttur til dauða vegna þess að hann trúði á Jesú.



14


Rétt áður en Stefán dó, fullur af heilögum anda, starði hann til himins og sá dýrð Guðs og Jesú standandi á hægri hönd

Guðs. Á meðan lýðurinn grýtti Stefán, kallaði hann til Guðs og sagði:  
"Drottinn Jesús, meðtak þú anda minn.



15

Síðan, eins og Jesús á krossinum, notaði þessi hugrakki maður síðustu andatök sín til að biðja Guð um að fyrirgefa banamönnum sínum.



16

Með dauða Stefáns hófst ný alda ofsókna. Ungur maður að nafni Sál, sem aðstoðað hafði banamenn Stefáns, handtók alla kristna sem hann gat fundið. Margir þeirra flúðu heimili sín og tvístruðust um alla Júdeu og Samariú. Aðeins postularnir dvöldu í Jerúsalem.



17

Peir sem tvístrast höfðu, fóru víðsvegar flytjandi fagnaðareri Jesú, þrátt fyrir að féndur þeirra væru á eftir þeim að reyna að drepa þá. Ekkert gat stöðvað fylgjendur Jesú því að heilagur andi Guðs bjó í þeim og starfaði í gegnum þá.



18

Kirkjan í öngstræti

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 4-9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130



Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!